

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 — 1965

Nr. 92.

244

22. desember 1965.

L Ö G

um breyting á lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.,
nr. 30 25. maí 1960.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laga nr. 30 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, hljóði svo: Innheimta má af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum allt að 0.5% leyfisgjald af leyfisfjárhæðinni. Enn fremur má innheimta allt að 0.5% gjald af allri gjald-eyrissölu bankanna. Tekjum af gjöldum þessum skal varið til greiðslu á kostnaði við úthlutun leyfa og til greiðslu á kostnaði við verðlagseftirlitið, eftir nánari ákvörðun viðskiptamálaráðherra. Að öðru leyti renna tekjur þessar í rikissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

Nr. 93.

17. desember 1965.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 50 24. apríl 1954, um brunatryggingar
utan Reykjavíkur.

FORSETI ÍSLANDS

Gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Nú verður brunatjón meira en helmingur brunabótamatsverðs og sveitarstjórn telur nauðsynlegt vegna eldhættu eða af skipulagsástæðum, að hlutaðeigandi hús

verði fjarlæggt, og er henni þá heimilt að leysa húsið til sín, greiðir hún þá mismun þann, sem er á brunabótum og heildarmatsverði hússins. Ef sveitarstjórn eða eigandi telja brunabótamatsverð ekki rétt, getur hvor um sig krafizt endurmats, og skal þá miða greiðslu við endurmatsverðið. Yfirmatsmennirnir skulu vera þrír og dómkvaddir af viðkomandi dómara. Kostnað við yfirmatsgjörð greiða aðilar eftir reglum í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 61/1917.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 17. desember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

19. nóvember 1965.

Nr. 94.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á hvalveiðiskipi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ráðherra skal heimilt að leyfa h/f Hval innflutning á einu hvalveiðiskipi, þótt eldra sé en 12 ára, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. nóvember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.